

Ágæti ráðherra, fundarstjóri og aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd Viðskiptaráðs Íslands vil ég byrja á að bjóða ykkur velkominn á þennan fund, sem ber yfirskriftina: *Útþensla hins opinbera: Orsakir, afleiðingar og úrbætur*. Þann 17. júní síðastliðinn gaf Viðskiptaráð út samnefnda skýrslu sem liggur hér á borðum. Tímasetning útgáfunnar er engin tilviljun því efni skýrslunnar, fjármál hins opinbera, varðar efnahagsleg sjálfstæði þjóðarinnar til framtíðar. Viðfangsefnið er sérlega brýnt nú þegar íslenskt efnahagslíf er á krossgötum og nauðsynleg aðlögun hagkerfisins tekur við af löngu hagvaxtarskeiði.

Þessi áhersla í starfi Viðskiptaráðs er hinsvegar ekki ný af nálinni. Fyrir rúmum þremur áratugum færði Viðskiptaráð, þá Verslunarráð, alþingismönnum og ráðherrum rauðan blýant að gjöf. Gjöfinni fylgdi sú kvöð að blýantinn skyldi nota til að strika út ónauðsynleg ríkisútgjöld á fjárlögum hvers árs. Í ljósi núverandi óvissu um ríkisfjármál og mikilvægi aðgerða af hálfu hins opinbera endurtók Viðskiptaráð leikinn og færði ráðamönnum sams konar blýant í sams konar tilgangi.

Þegar hugað er að fjármálum hins opinbera eru það einkum þrennt sem ástæða er að staldra við.

Í fyrsta lagi ráða stjórnvöld að miklu leyti framleiðsluspennu í hagkerfinu, enda stýra ríki og sveitarfélög þar stórum hluta eftirspurnar. Eins og reynsla síðustu ára sýnir glögglega eru það ekki eingöngu aðgerðir og framkvæmdir hins opinbera sem hafa mikil áhrif á stöðugleika hagkerfisins, heldur einnig kerfisbreytingar og aðrar afmarkaðar ákvarðanir stjórnvalda. Það er nauðsynlegt að stefna hins opinbera stuðli að jöfnun hagsveiflna eigi framleiðslugeta hagkerfisins að nýtast sem best.

Í öðru lagi þá hafa langtímaumsvif hins opinbera mikið að segja um samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika hagkerfis. Því meiri sem umsvifin eru, þeim mun minna svigrúm er til staðar fyrir starfsemi einkaaðila. Það sem vegur þyngst í þessu samhengi er samkeppni um fjármagn og vinnuafll, en hvort tveggja er af skornum skammti. Þar sem framleiðnivöxtur er meiri innan einkageirans en hjá hinu opinbera er það ein megin forsenda langtímahagsældar að kraftar einkaframtaksins fái notið sín sem best. Því má svo bæta við að aukin umsvif hins opinbera, og hærri hlutfall opinberra starfsmanna, dregur úr sveigjanleika vinnumarkaðarins. En sá sveigjanleiki hefur löngum verið talinn til helstu styrkleika íslenska hagkerfisins.

Í þriðja lagi er það sjálfsögð krafa að rekstur hins opinbera sé sjálfbær. Með því er átt við að til lengri tíma verða tekjur hins opinbera að duga fyrir öllum útgjöldum þess. Viðvarandi hallarekstur leiðir til aukinnar skuldsetningar sem um leið grefur undan trúverðugleika viðkomandi hagkerfis. Ef tekjur ekki fyrir útgjöldum er augljóslega aðeins um tvo kosti að ræða, þ.e. auka tekjur eða draga úr útgjöldum. Hið fyrrnefnda felur í sér aukna skattheimtu en hið síðarnefnda til rýrara þjónustuframboðs hins opinbera. Hvorugt er líklegt til vinsælda.

Þegar horft er til baka er ljóst að íslensk stjórnvöld hafa um margt staðið að afar jákvæðum breytingum á innviðum íslenska hagkerfisins. Þó er ljóst að þegar kemur að fjármálum hins opinbera er nauðsynlegt að huga betur að öllum þremur þáttunum sem nefndir voru hér á undan.

Framleiðsluspenna síðustu ára hefur verið mun meiri en æskilegt getur talist. Viðskiptahalli hefur verið mikill og viðvarandi, umframeftirspurn hefur ríkt á vinnumarkaði og verðbólga hefur farið ört vaxandi. Þetta er þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi haldið vöxtum mjög háum mjög lengi. Segja má að sjaldan hafa stjórnvöld haft jafn gott tækifæri til að létta á eftirspurnarþrýstingi enda var þessi mikli vöxtur fyrirsjáanlegur t.d. vegna stóriðjuframkvæmda. Engu að síður hefur reynst erfitt að halda aftur af útgjöldum, sem hafa vaxið hratt og örugglega.

Þegar horft er til síðustu áratuga má sjá að hlutfallsleg umsvif hins opinbera hafa vaxið á Íslandi. Þetta er á skjön við þróunina víðast annars staðar, sér í lagi á meðal OECD ríkjanna. Ætli Íslendingar sér að standa í fremstu röð þjóða er brýnt að þessari þróun verði við snúid. Útgjöld hins opinbera námu 43% af landsframleiðslu árið 2007. Þetta þýðir að nærri annarri hverri krónu í hagkerfinu er ráðstafað með beinum eða óbeinum hætti af hinu opinbera. Þetta hlutfall er of hátt og skaðar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og hagkerfisins í heild.

Að endingu er full ástæða til að huga að sjálfbærni reksturs ríkissjóðs til lengri tíma. Góð afkoma ríkis og sveitarfélaga síðustu misseri, og um leið bætt skuldastaða hins opinbera, er frekar afleiðing tímabundinna umframtekna í góðæri en mikils aðhalds í fjármálastjórn. Hætt er við að þessi þróun snúist hratt við á næstu árum og því mikilvægt að stjórnvöld geri strax ráðstafanir til að mæta minnkandi tekjum.

Það er þó ljóst að ekki eru allir sammála um hvernig best er að bregðast við í þeim erfiðu aðstæðum sem nú blasa við. Margir telja eðlilegt að hið opinbera auki sín umsvif með umfangsmiklum framkvæmdum til að halda uppi atvinnustigi. Þannig verði hagsveiflan jöfnuð. Í þessum efnum telur Viðskiptaráð rétt að stíga varlega til jarðar, því slík viðbrögð nú yrði til þess að draga tímabil hárra vaxta og viðvarandi verðbólgu á langinn. Í stað þess að fara þá leið væri heppilegra að hið opinbera reyndi eftir fremsta megni að halda að sér höndum. Þannig myndi skapast svigrúm til hraðari vaxtalækkana og einkaaðilum gert kleift að nálgast lánsfé á eðlilegum kjörum. Vaxtalækkun er örugglega betri búbot en stórauðnar ríkisframkvæmdir, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Að lokum vil ég segja að í stað þess að líta á núverandi þrengingar sem ástæðu til aukinna umsvifa hins opinbera, ætti að líta á þær sem hvata til aðhalds og ráðdeildar. Af undangenginni þjóðfélagsumræðu síðustu vikna veit allur almenningur vel að aðstæður eru erfiðar. Sálarástand þjóðarinnar er því með þeim hætti að nú, fremur en oft áður, ætti að vera almennur skilningur á því að taka þurfi erfiðar ákvarðanir og grípa til óvinsælla aðgerða. Í þessu kristallast raunverulegt hlutverk stjórnámálanna. Ég hef fulla trú á því að við framlagningu fjárlaga í október rísi þeir undir þeirri miklu ábyrgð sem felst í erfiðu verkefni sem framundan er. Það er von mín að tillögur Viðskiptaráðs, sem kynntar eru í þessari skýrslu, og nýr rauður blýantur gagnist í þeirri vinnu.

Finnur Oddsson,

Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands